

FUNDARGERÐ

160. stjórnarfundur KRAFT

160. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 8. janúar 2024, kl. 20.00 á Google Meet.

Fundarmenn : Hinrik, Þórunn Brynja, Auðunn, Kristleifur, María, Lára og Laufey
Fjarverandi: Aron Ingi
Fundarritari : Laufey

1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

2. RIG

RIG sunnudaginn 28. janúar, vigtun kl.12, keppni kl.14.

Formaður upplýsti að því miður er áhugi erlendra keppenda enginn. Boð voru send til landsliðsfólks á Norðurlöndunum en enginn staðfest þátttöku. Þetta verður því RIG með eingöngu íslenskum keppendum. Það verða átta kvk og átt kk.

Umræða varð um framtíð RIG vegna dræmra viðbragða að utan. Í ár verður skipulagið óbreytt en endurskoða verður fyrirkomulag fyrir næsta RIG.

Keppendalisti verður birtur á heimasíðu og öðrum miðlum KRAFT,

Mönnun og skipulag

- Mótsstjóri : Hinrik formaður
- Pulur : Aron Friðirk
- Ritaraborð : Judith, María og Gunnur (ritarar og tímavörður)
- Dómarar eru komnir, Kári verður til vara
- Yfirstangamaður, Kristleifur heyrir í Eggerti
- Stangarmenn, stjórnarmenn heyra í sínu fólki
- 1-2 starfsmenn sem eru til í að hlaupa til og redda ef eitthvað kemur upp á
- Streymi er í höndum Ása (Lára búin að hafa samband við hann)
- Tölvumál hjá Róberti Kjaran
- María græjar verðlaunapeninga og blóm

Auðunn mun hafa yfirumsjón með búnaðinum, Meginhlutinn mun koma frá Breiðabliki og Stjórnunni. Auðunn mun hafa samband við sömu aðila og sinntu flutningum á síðasta RIG og stóðu sig vel. Kanna hvort ÍBR greiði ekki fyrir flutning (Lára / Auðunn).

KRAFT mun greiða fyrir mat/drykki fyrir aðstoðarmenn sem koma að uppsetningu og að taka niður.

Miðaverð á viðburð verður óbreytt, 1000 kr.

LFÍ og KRAFT (Maríanna og Lára) vinna náið saman að umgjörð mótsins.

SBD Ísland mun skaffa boli fyrir stangarmenn og líklega einnig gjafarbréf til verðlaunahafa. RIG bolir verða fyrir aðra starfsmenn.

3. LANDSLIÐSVAL

Skv. verklagsreglum skal birta landsliðval í janúar. Úthlutun úr Afreksjóði (ASJ) verður afgreidd um miðjan janúar. Stjórn samþykkti að birta landsliðsval fyrir EM master og EM í klassík (mars) þ.s. skráningu er þegar lokið. Eftir afgreiðslu ASJ mun landsliðsval fyrir önnur landsliðsverkefni verða birt á miðlum KRAFT.

Auðunn, íþróttastjóri, fór yfir fyrstu landsliðsverkefni ársins.

4. ÖNNUR MÁL

-

5. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

6. FUNDARLOK

Fundi slitið kl. 21.30